

# RAMMASAMNINGUR

## um túlkabjónustu milli VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og þjónustuaðila

### 1 VIRK - starfsendurhæfingarsjóður

Starfsendurhæfingarsjóður (VIRK) er sjálfseignarstofnun sbr. lög nr. 33/1999 um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur. Hlutverk VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvinnra veikinda eða varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Vegna þessa greiðir VIRK kostnað af ráðgjöf og úrræðum ýmissa fagaðila sem ekki eru greidd af þriðja aðila, s.s. opinberum aðilum, allt eftir því hvaða þjónustu er þörf samkvæmt mati og greiningu á starfshæfni sem gert er á vegum VIRK.

Áherslur VIRK miðast við að efla vinnufærni einstaklinga og viðhalda ráðningarsambandi þeirra meðan á veikindum stendur eða aðstoða einstakling við að stofna til slíks, aðstoða hann við að aðlagast breyttri starfsorku, greina ný atvinnutækifæri og veita tímabundinn stuðning á vinnustað ef með þarf.

Undanfarin ár hefur innflytjendum fjölgað talsvert hér á landi. Samfara þessari fjölgun hefur þörf fyrir gott aðgengi að túlkabjónustu aukist, ekki síst fyrir VIRK, enda leggur VIRK áherslu á að geta veitt þjónustu til sem flestra á tungumáli sem þeir skilja. Mikilvægt er fyrir VIRK að hafa aðgang að breiðu framboði túlkabjónustu og er samningur þessi þáttur í að tryggja að VIRK hafi aðgang að slíkri þjónustu á sem flestum tungumálum.

Þjónusta samkvæmt þessum samningi skal taka mið af hugmyndafræði og áherslum VIRK en hvort tveggja kemur fram í skipulagsskrá sjóðsins og á heimasíðu sjóðsins ([www.virk.is](http://www.virk.is)).

#### Helstu áherslupættir VIRK eru eftirfarandi:

1. **Áhersla á þarfir einstaklinga.** Öll þjónusta og aðferðir í starfsendurhæfingu skulu taka mið af fjölbreyttum þörfum einstaklinga og taka tillit til andlegrar og líkamlegrar heilsu sem og félagslegra aðstæðna viðkomandi einstaklinga.
2. **Snemmbært inngrip.** Mikil áhersla er lögð á mat til að greina þarfir einstaklinga og snemmbært inngrip og sem gerir þeim mögulegt að viðhalda og auka starfshæfni sína.
3. **Virk þátttaka einstaklinga.** Einstaklingurinn taki virkan þátt í að skipuleggja endurkomu sína á vinnumarkaðinn og lögð skal áhersla á að hann sé virkur í skipulagningu og framkvæmd eigin starfsendurhæfingar.
4. **Tengsl við vinnumarkað og atvinnulíf.** Markmiðið er ávallt að einstaklingur viðhaldi ráðningarsambandi sínu eða fái starf við hæfi. Megináhersla skal lögð á endurkomu í sama starf hjá sama atvinnurekanda en ef það er ekki mögulegt þá á annað starf hjá sama atvinnurekanda. Gerð skal áætlun um endurkomu í vinnu í samstarfi við einstakling og alla hagsmunaaðila.

Að VIRK standa öll helstu samtök launafólks og atvinnurekanda á Íslandi, nánari upplýsingar um stofnaðila má sjá á heimasíðu VIRK [www.virk.is](http://www.virk.is).

## 2 Gildissvið

VIRK og þjónustuaðilar gera með sér samning um túlkaþjónustu með það að markmiði að þjónusta VIRK fari fram á tungumáli sem þeir einstaklingar sem leita til sjóðsins skilja. Um er að ræða þjónustu sem skal pöntuð formlega af VIRK. Túlkaþjónusta skal fara fram á starfsstöð ráðgjafa VIRK nema annað sé tekið fram í pöntun.

Samningur þessi nær ekki til annarrar vinnu, hverju nafni sem hún nefnist.

VIRK er sjálfseignarstofnun sbr. lög nr. 33/1999 um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur. Því gilda lög nr. 84/2007 um opinber innkaup ekki um þá skriflegu verk-, þjónustu- eða vörusamninga sem sjóðurinn gerir. Um samning þennan gilda því almennar reglur kröfu- og samningaréttar.

## 3 Aðild

Eftir samningi þessum geta starfað túlkar sem hafa að lágmarki eins árs starfsreynslu sem túlkar eða hlotið löggildingu sem slíkir. Túlkar sem vilja starfa samkvæmt samningnum skulu senda um það erindi til VIRK ásamt viðeigandi gögnum/upplýsingum. Skila þarf inn upplýsingum um reynslu og menntun sem nýtist til starfa þeirra sem túlkar.

Með sama hætti geta túlkaþjónustur sem óska eftir að veita þjónustu samkvæmt samningi þessum sent erindi sama efnis og sjálfstætt starfandi túlkar. Í þeim tilfellum skal skila viðeigandi gögnum/upplýsingum um hvern þann túlk þjónustuaðilinn hyggst bjóða til starfa í þágu VIRK sem sýna fram á reynslu og menntun sem nýtist til starfa sem túlkur.

Skilyrði er fyrir staðfestingu VIRK á aðild þjónustuaðila að þjónustuaðili hafi undirritað og undirgengist sérstaka trúnaðaryfirlýsingu varðandi þær upplýsingar sem hann fær við túlkun.

VIRK áskilur sér rétt til að hafa frjálsar hendur með það til hvaða þjónustuaðila innan þessa samnings er leitað á hverjum tíma.

## 4 Skilgreiningar

Með **starfsmanni VIRK** í þessum samningi er átt við starfsmenn sem starfa á skrifstofu VIRK sem og ráðgjafa og atvinnulífstengla sem starfa hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaganna á grundvelli samnings við VIRK og panta túlkaþjónustu fyrir einstaklinga í atvinnutengdri starfsendurhæfingu.

Með **sjóðsfélaga/einstaklingur/þátttakandi** í þessum samningi er átt við þá einstaklinga sem eru í þjónustu VIRK.

Með **þjónustuaðila** í þessum samningi er átt við túlka/túlkaþjónustu sem starfa samkvæmt samningi þessum.

Með **samfélagstúlkun** í þessum samningi er átt við alla túlkun talaðs máls á þeim stað sem kaupandi þjónustu tiltekur hverju sinni hvort sem túlkun fer fram á starfsstöð ráðgjafa, höfuðstöðvum VIRK eða á öðrum tilgreindum stað. Samfélagstúlkun felur í sér gagnvirkni þar sem túlkur er miðlari tjáskipta milli aðila sem tala ólíkt tungumál.

Með **símatúlkun** í þessum samningi er átt við túlkun þar sem túlkun á tjáskiptum milli aðila sem tala ólíkt tungumál á sér stað í gegnum símtæki eða annan fjarskiptabúnað. Í samningi þessum er gert ráð fyrir að túlkur geti sinnt slíkri túlkun frá starfstöð sinni.

## 5 Markmið og tilgangur

Markmið þessa samnings er að efla einstaklingsbundin úrræði VIRK sem miða að því að efla vinnufærni þeirra einstaklinga sem vísað er njóta þjónustu VIRK í samræmi við hlutverk og áherslur VIRK, sbr. grein 1. gr. samnings þessa.

Samningur þessi er tilraunasamningur sem gerður er til tiltekins tíma en samkvæmt 13. gr. skipulagsskrár VIRK getur sjóðurinn átt samstarf við aðra aðila og gert við þá samninga til lengri eða skemmri tíma til að vinna að markmiðum og verkefnum sjóðsins.

## 6 Almennir samningsskilmálar

Almennir skilmálar þessa samnings eru eftirfarandi:

- a) Hlutverk VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna örorku, með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Verkefni og samningar VIRK skulu samræmast skipulagsskrá sjóðsins.
- b) Þjónustuaðilar skulu framfylgja skilgreindum faglegum kröfum sem VIRK þróar og/eða viðurkennir og koma fram í skipulagsskrá sjóðsins og skilgreindu hlutverki og stefnu sjóðsins. Sjá nánar á [www.virk.is](http://www.virk.is).
- c) Þjónustuaðilar sem starfa samkvæmt samningi þessum skulu starfa samkvæmt siðareglum túlka og gæta þagmælsku um þá vitneskju sem hann fær við túlkun, á meðan og eftir að hann starfar sem túlkur.
- d) Allar upplýsingar um framgang, gæði, framkvæmd og árangur verkefna samkvæmt þessum samningi skulu jafnan vera aðgengilegar VIRK. Þessar upplýsingar skulu jafnframt lagðar fram með þeim hætti sem VIRK fer fram á hverjum tíma.

## 7 Innihald og framkvæmd þjónustu

Þjónustuaðilar skulu veita VIRK og sjóðfélögum faglega þjónustu á sviði túlkunar og sníða þjónustu sína að þörfum hvers og eins einstaklings í samræmi við markmið og stefnu VIRK.

Áður en þjónusta er pöntuð af starfsmanni VIRK skal hafa farið fram mat og greining á stöðu einstaklings þar sem í ljós kemur hvort þörf sé á túlkþjónustu og hvernig þjónusta er nauðsynleg. Þjónusta þjónustuaðila skal ætíð vera í samræmi við þetta mat og þá beiðni sem fram kemur frá starfsmanni VIRK.

## 8 Umfang og beiðni um þjónustu

Ekki er um að ræða tiltekið umfang viðskipta. Umfangið mun ráðast af þróun starfseminnar og þörf þeirra einstaklinga sem leita aðstoðar hjá ráðgjöfum VIRK á hverjum tíma.

Pöntun á þjónustu skal send þjónustuaðila af starfsmanni VIRK. Ekki er greitt fyrir aðra þjónustu en beiðni er um samkvæmt pöntun. Upplýsingar um starfsmenn VIRK er að finna á heimasíðu VIRK [www.virk.is](http://www.virk.is). Í

pöntun skulu koma fram upplýsingar um bæði innihald og magn þeirrar þjónustu sem óskað er eftir auk upplýsinga um hver óskar eftir þjónustu. Þessar upplýsingar skal síðan nota sem tilvísun á reikninga til VIRK.

Í pöntun á túlkþjónustu skal tiltaka hversu langan tíma þjónustan skal vara. Þessi tímalengd markar þann þjónustutíma sem greitt er fyrir af hálfu VIRK. Ef vinna þjónustuaðila fer umfram þann tíma sem óskað var eftir skal þjónustuaðili tilgreina þann tíma á tilvísun með reikningum til VIRK með viðeigandi skýringum, sjá nánari upplýsingar í grein 10 hér á eftir. Í pöntun skal jafnframt tiltaka hvort þörf er á símatúlkun eða samfélagstúlkun. Ef óskað er eftir samfélagstúlkun skal tilgreina hvar og hvenær afhending á þjónustunni skal fara fram. Ef eitthvað er óskýrt í pöntun til þjónustuaðila, t.d. er varðar afmörkun á þjónustutíma þá skuldbindur viðkomandi þjónustuaðili sig til að hafa samband við VIRK til að fá viðeigandi upplýsingar.

Túlkþjónusta skal að jafnaði pöntuð með a.m.k. dags fyrirvara.

Forfallist túlkur af einhverjum ástæðum skal þjónustuaðili tilkynna pöntunaraðila það eins fljótt og auðið er. Jafnan skal miða við að tilkynning um forföll berist eigi síðar en með 24 klst. fyrirvara. Forfallist túlkur skal þjónustuaðili gera allt sem í hans valdi stendur til að fá annan túlk í verkefnið á þeim tíma sem upphafleg pöntun miðaðist við.

Starfsmenn VIRK hafa frjálssar hendur með það til hvaða þjónustuaðila þeir leita hverju sinni innan þessa samnings. Ef starfsmaður VIRK óskar þess að þjónustuaðili finni túlk til verksins skal þjónustuaðili bjóða fram sína hæfustu túlka hverju sinni.

## 9 Kröfur til þjónustuaðila

Þjónustuaðilar skulu sýna faglega hæfni og starfa eftir siðareglum túlka.

Þjónustuaðilar sinna trúnaðar- og ábyrgðarverkefnum á vegum VIRK. Eðli þjónustunnar vegna ber þjónustuaðilum að meðhöndla allar upplýsingar, skjöl og gögn sem þeir komast yfir starfs síns vegna af fyllsta trúnaði. Trúnaður þessi gildir áfram eftir lok samningstímabilsins.

Þjónustuaðilar og starfsmenn VIRK eru bundnir þagnarskyldu og trúnaði um allar persónulegar upplýsingar sjóðfélaga. Þeim ber skylda til að meðhöndla allar upplýsingar, skjöl og gögn sem þeir hafa aðgang að vegna þessa samnings af fyllsta trúnaði og gæta þess að enginn óviðkomandi komist yfir þær.

Brot á trúnaði og/eða þagnarskyldu leiðir til fyrirvaralausrar riftunar á samningnum.

Þjónustuaðilar bera eftir almennum réttarreglum skaðabótaábyrgð á því tjóni sem þeir eða starfsmenn á þeirra vegum kunna að valda.

## 10 Greiðslur

Greitt er fyrir þá þjónustu sem starfsmaður VIRK pantar hverju sinni.

Greiðsla fyrir samfélagstúlkun reiknast samkvæmt tímagjaldi og er lágmarksgjald 1 klst. Greiðsla fyrir símatúlkun reiknast samkvæmt tímagjaldi og er lágmarksgjald 30 mínútur.

Ef vinna fer umfram lágmarkstíma greiðir VIRK fyrir hverjar 15 mínútur sem hefjast. Greiðsla fyrir hverjar 15 mínútur sem hefjast reiknast hlutfallslega af lágmarksgjaldi.

Óski þjónustuaðili að starfa eftir samningi þessum skal hann gera skriflegt tilboð sem tilgreinir það tímagjald sem boðið er.

Tilboðsverð fyrir þjónustu skal innifela allan kostnað vegna veittrar þjónustu, s.s. efniskostnað, afnot af búnaði og ferðir á vettvang túlkunar, svo fremi sem um er að ræða ferðir innan stórhöfuðborgarsvæðisins eða þess sveitarfélags utan höfuðborgarsvæðis sem túlkur hefur starfsstöð sína í. Ef þörf er á þjónustu túlks utan tilgreindra svæða skal greitt kílómetragjald fyrir hvern ekinn kílómeter umfram 50 kílómetra á vettvang túlkunar frá starfsstöð bjóðanda/túlks, eftir því hvort er styttra frá vettvangi túlkunar, og til baka. Kílómetragjald skal nema sömu upphæð og heimill frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk, skv. gildandi reglum Ríkisskattstjóra hverju sinni.

Einungis er greitt fyrir þá þjónustu sem starfsmaður VIRK pantar hverju sinni. Þjónustuaðila er óheimilt að innheimta nokkurt gjald af einstaklingum í þjónustu vegna þeirrar þjónustu sem veitt er á vegum VIRK.

Reikningar þurfa að berast VIRK fyrir 15. næsta mánaðar. Ef engar athugasemdir eru gerðar við reikninga greiðir VIRK inn á bankareikning viðkomandi þjónustuaðila innan 20 daga frá móttöku þeirra.

Reikningarnir skulu uppfylla skilyrði um form og efni sölureikninga og innihalda kennitölu og bankaupplýsingar þjónustuaðila. Á reikningnum komi fram málsnúmer og upphafsstafir einstaklings, pöntunarnúmer, nafn ráðgjafa og aðrar upplýsingar um þjónustu sem innt hefur verið af hendi. Reikningar skulu innihalda allan kostnað með vsk. Reikningar verða ekki greiddir nema allar framangreindar upplýsingar séu til staðar og fylgi með reikningum til VIRK.

Reikningar ásamt verkbeiðni/pöntuninni um túlkþjónustu frá starfsmanni VIRK skulu berast til:

<b>VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður</b> Borgartúni 18, 105 Reykjavík  (kennitala VIRK er: 440608-0510)
--

## 11 Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að þjónustuaðili uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum getur það varðað fyrirvaralausri riftun á samningnum af hálfu VIRK. Með sama hætti er þjónustuaðila heimilt að rifta samningnum gagnvart VIRK ef verulegur misbrestur verður á því að VIRK uppfylli skyldur sínar skv. honum.

Komi til vanefnda skulu almennar reglur kröfuréttar, samningaréttar og skaðabótaréttar gilda um samning þennan að öðru leyti en því er greinir sérstaklega í ákvæðum hans.

## 12 Ágreiningur

Rísi ágreiningur vegna framkvæmdar samningsins eða einstaka samningsákvæða og túlkunar á þeim skuldbinda aðilar samnings þessa sig til að leita allra leiða til að leysa ágreining með friðsamlegum hætti. Þjónustuaðili eða VIRK geta hvor um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál eða kvartanir varðandi samninginn og samskipti vegna hans.

Reynist nauðsynlegt að höfða mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 13 Lok starfsemi og uppsögn

Þjónustuaðili sem vill ekki lengur starfa samkvæmt samningi þessum skal tilkynna það skriflega til VIRK með þriggja mánaða fyrirvara.


VIRK er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart einstökum þjónustuaðilum eða í heild sinni. Sé um misferli að ræða eða verulega vanefnd á samningnum getur VIRK þó fyrirvaralaust sagt upp samningnum gagnvart viðkomandi þjónustuaðila.

### 14 Gildistími

Samningur þessi er tilraunasamningur og gildir hann frá 17.2.2022 til 31.12.2023.

Reykjavík, 17.2. 2022.

F.h. VIRK starfsendurhæfingarsjóðs,



---

Vigdís Jónsdóttir